

Leiftur

3. tbl. | 17. september 2009

Íslandsmeistarar 2009



Þessar stelpur urðu Íslandsmeistarar í 3. flokki kvenna 7 manna fótbolta 2009. Aftari röð frá vinstri: Sindri Ragnarsson þjálfari, Þórdís Imsland, Karen Björg Halldórsdóttir, Kolbrún Birna Ólafsdóttir, Sólveig V Sveinbjörnsdóttir, Kristey Lilja Valgeirsdóttir og Lejla Cardaklija. Fremri röð: Kristjana Hafdal Þorvarðardóttir, Þórhildur Sigurðardóttir, Árdís Drifa Birgisdóttir og Mist Grétarsdóttir. Liggjandi er Anna Mekkin Reynisdóttir.

Fimleikadeildin inn í Mánagarð

Fimleikadeildin fór af stað með æfingar sínar í byrjun september í íþróttahúsinu í Nesjum. Um tilraunaverkefni er að ræða, en það mælir margvísleg þvi að vera með fimleikana í sér húsi. Áhöldin geta staðið uppi alla daga, en þetta eru stór og dýr áhöld og þau sem þarf að setja saman og taka í sundur endast lengur. Eins fór langur tími

í að setja upp áhöldin fyrir æfingar og að ganga frá þeim eftir á.

Starfið í vetur verður með sama sniði og undanfarin misseri þ.e. æfdir eru hóp fimleikar og íþróttaskóli verður í boði fyrir yngstu iðkendurnar. Yfirþjálfari er Kristinn Þór Guðlaugsson en honum til aðstoðar eru 7-8 aðstoðarþjálfarar.



Allt um þetta skemmtilega íþróttamót
á bls. 11 og á baksíðu

Frá Félagi eldri Hornfirðinga



Félagið var stofnað 1982 og hefur starfað af krafti síðan. Margir þekktir karakterar hafa starfað með því gegnum árin og haldið uppi fjörinu. En því miður eru þessi félag háð þeim örlögum að félagarnir eru komnir langt á sínum lífsferli og við þurfum því að sjá á eftir þeim yfir möðuna miklu. Það er því mikið hagsmunamál að nýir félagar séu duglegir að koma til starfa með okkur til að glæða félagið lífi. Vil ég eindregið benda öllum 60+ á að við tökum þeim með fögnuði og hérna er hægt að fá sinn karakter metinn að verðleikum.

Markmið félaga eldri borgara eru að halda utan um félagslíf þeirra og fylgjast með því að kjörin batni helst en versni ekki. Samtökum okkar hefur að mínu mati orðið talsvert ágengt á þeim vettvangi en þó má aldrei láta deigan síga. Sífellt þarf að minna á okkur því yngra fólkið veit ekki hvernig er að vera eldri borgari fyrir það reynir það á eigin skinni.

Félagsstörfin okkar eldri Hornfirðinga eru fjölbreytt og allir geta fundið sér eitthvað við hæfi. Ég ætla að nefna líkamsrækt, leikfimi, sund og göngur, margs

skonar spil og leiki, t.d. bossiu, billjard, auk gömlu góðu spilanna sem eru notuð óspart alla daga. Þá má nefna margs konar handverk, t.d. alls konar hannyrðir kvenna, prjónaskap, hekl og margt fleira og útskurð og rennismiði sem karlarnir eru kannski duglegri við en þó gætir ekki beinlínis kynjaskiptingar á þessu sviði. Svo má nefna ferðalög og skemmtanir, til dæmis er alltaf farið í nokkurra daga sumarferð og líka eina dagsferð, þorablót, jólafund og ýmislegt fleira sem til fellur.

Við erum ekki búin að ganga frá vetrardagskránni okkar ennþá en hún er oftast kynnt í byrjun október og þá er hún á Skjánum alla daga.

Að lokum vil ég nefna að eldri borgarar búa yfir mikilli þekkingu lífsreynslunnar og við erum alveg til í að láta öðrum í té ýmislegt úr okkar reynslubrunni. Það er bara um að gera að nota tímann núna annars verður það kannski of seint. Vil ég kvetja yngra fólk til að hafa það í huga

*F.h. Félags eldri Hornfirðinga,
Gróa Ormsdóttir formaður.*

POPP & KÓK

Hornfirska skemmtifélagið frumsýnir POPP & KÓK föstudaginn 9. október n.k. á Hótel Höfn. Þetta er tónlistarsýning þar sem hornfirskir listamenn flytja mörg af þekktustu lögum kvikmyndasögunnar en meðal annars munu lögin What a feeling, Footloose, Eye of a tiger og Ghostbusters hljóma á sýningunni.

Það er af mörgu að taka þegar velja á þekkt lög úr kvikmyndasögunni. Við undirbúning sýningarinnar hefur verið kappkostað að velja lög sem allir þekkja og stuðið og stemmingin verið höfð að leiðarljósi. Mikil áhersla er einnig lögð á búninga og sviðsmynd.

Aðstandendur sýningarinnar eru hátt á þriðja tuginn; söngvarar og hljóðfæraleikarar, ljósameistari, hljóðmaður, búningahönnuðir, hárgreiðslu- og förðunarfolk. Tónlistarstjóri er Heiðar Sigurðsson og leikstjóri er Þórhildur Magnúsdóttir.

Í tengslum við sýningarnar verður boðið upp á pakka sem henta vel starfsmannafélögum og fleiri hópum sem vilja leggja land undir fót og gera sér dagamun. Í pakkanum er

gisting á Hótel Höfn, kvöldverður, tónlistardagskrá og dansleikur. Að auki er ýmis önnur afþreying í boði á staðnum og er hægt að sérsníða afþreyingarpakka ef óskað er.

Þetta er áttunda verkefni Hornfirska skemmtifélagsins sem sett er upp á Hótel Höfn. Áður hafa hornfirskir skemmtikraftar sett á svið sýningar sem m.a. nefndust Bítl, Eitís, Rokk í 50 ár, American Graffiti, Diskó, Með allt á hreinu og Slappaðu af.

Alþjóðlega blúshátíðin Norðurljósablús er einnig á vegum Hornfirska skemmtifélagsins og er hátíðin fyrstu helgina í mars ár hvert. Hornfirska skemmtifélagið hefur einnig tekið að sér ýmis önnur verkefni, svo sem umsjón með ýmsum viðburðum og haldið námskeið í viðburðastjórnun, söng og raddbeitingu.

Eitt af markmiðum Hornfirska skemmtifélagsins er að laða ferðafólk til Hornafjarðar utan hefðbundins ferðamannatíma. Félagið hefur það einnig að markmiði að gefa hornfirsku listafólki tækifæri til að þroska sig og bæta með því að taka þátt í krefjandi sýningum.



Undanfarin 2 ár hefur Hornfirska skemmtifélagið fengið söngkonuna Heru Björk Þórhallsdóttur til að halda námskeið í Complete Vocal Technique. Hér eru þau Marianna Jónsdóttir og Emil Morávek að taka leiðsögn dývunnar á námskeiði sem haldið var um síðustu helgi.

Tippstofa Sindra, Hafnarbraut 25

er opin á laugardögum kl. 11 - 14

Starfið hjá Mána 2009

17. júní

Eins og undanfarin ár hélt Ungmennafélagið Máni í Nesjum 17. júní hátíðlegan. Hátíðahöldin hafa þó aldrei verið mjög formleg og alltaf lítið um ræðuhöld. Á því var engin undantekning þetta árið. Dagurinn hófst í nokkurri úrkomu um klukkan 13:30 við heitu pottana í Hoffelli, þar sem stigið var um borð í sirkusvagninn sívinsæla sem ferjaði hátíðargesti á áfangastað. Ekið var inn að Geitafelli þaðan sem gengið var upp að hinu mikilfenglega Efstafellsgili. Þar var að í um hálfá klukkustund og náttúran skoðuð sem og útsýnið. Þegar allir höfðu fengið sinn

Stjörn Mána vill koma á framfæri þökkum til allra sem hjálpuðu til við að gera daginn eins skemmtilegan og hann varð og þá sérstaklega þeim Ingibjörgu og Þrúðmari í Hoffelli fyrir leiðsögn og almenna hjálpsemi.

Mánamót

Hið árlega frjálsíþróttamót Mána, eða Mánamótið, fór fram í sól og blíðu þann 9. ágúst síðastliðinn á Mánavelli í Nesjum. Ungmennafélagsandinn sveif yfir vötnum og aðalatriðið að vera með en ekki endilega að sigra. Alls kepptu 36 keppendur í aldursflokkunum 8 ára og yngri,

úr bítum með kast upp á 67,42 m. Varla þarf að taka fram að það er USÚ-met og að öllum líkindum einnig Íslandsmet. Öll önnur úrslit má sjá í mótaforritinu sem finna má á vef Frjálsíþróttasambandsins, www.fri.is.

Máni vill þakka öllum sem komu að framkvæmd mótsins kærlega fyrir, hvort sem það voru keppendur, starfsfólk eða áhorfendur, því án þeirra væri að sjálfsgöðu ekki hægt að halda svona mót.

Starfið framundan

Vetrardagskráin hjá Mána verður með nokkuð hefðbundnu sniði.

Ætlunin er að halda svokallaðan Mánadag innan nokkurra vikna, en hann verður nánar auglýstur síðar. Þá verða vikulegar línudansæfingar í Mánagarði á fimmtudögum. Þær hefjast þann 17. september og verða klukkan 17:00 fyrir börn og klukkan 21:00 fyrir fullorðna. Heiðurshjónin Guðleif Kristbjörg Bragadóttir og Kristjón Elvarsson munu sjá um þessar æfingar.

Nokkrir fleiri viðburðir eru í burðarliðnum en þeir verða nánar auglýstir síðar.

*Með Mánakveðju,
Sigurður Óskar Jónsson, ritari*



ráðlagða dagskammt af útsýni héldu gestir aftur niður í Geitafell þar sem farið var í leiki og borðaðar grillaðar pylsur. Að dagskrá lokinni hélt víkingahljómsveitin Krauka tónleika, en meðlimir þeirrar hljómsveitar spila af fingrum fram á hljóðfæri sem eru smíðuð eftir hljóðfærum frá víkingatímanum í bland við nútímalegri hljóðfæri.

Þegar allir höfðu fengið nægju sína af pylsum, leikjum og almennri útiveru stigu gestir aftur í sirkusvagninn sem ferjaði þá til baka að bilunum. Allir voru sammála um að dagurinn hefði heppnast vel þrátt fyrir misjafnt veður.

9-10 ára, 11-12 ára, 13-14 ára og 15 ára og eldri. Árangur var með ágætum og keppni hörð í mörgum greinum. Til dæmis má nefna að í hástökki í flokki 15 ára og eldri stókk Fannar Blær Austar Egilsson yfir 1,50 m, en næstu fjórir þar á eftir stukku allir yfir 1,45 m, þó í mismunandi mörgum tilraunum. Fannar var svo aftur á ferðinni í langstöckkinu þar sem hann stókk 5,20 m og bætti þar með sinn persónulega árangur. Í lok mótsins var haldið svokallað boðsmót í boltakasti karla. Boltakast er grein sem yfirleitt er ekki keppt í í flokkum eldri en 10 ára svo þarna var um frekar óvenjulegan atburð að ræða. Jón Snorri Þorsteinsson bar sigur

Leiftur

Útgáfa Leifturs: Ungmennafélagið Sindri

Ritstjóri: Valdemar Einarsson

Ábyrðarmaður: Ásgrímur Ingólfsson

Umbrot: Heiðar Sigurðsson

Prentun: Stafræna Prentstímiðjan

Forsíðumynd: Björn Gísli Arnarson

Fagleg aðstoð: Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Iceland Pelagic ehf.

Í ágúst 2008 hóf nýtt fyrirtæki starfsemi á Hornafirði, Iceland Pelagic ehf., til húsa í norðurenda Skinneyjar-Þinganes. Um er að ræða sölufélag fyrir sjávarafurðir, að mestu uppsjávartegundir, eins og síld, loðnu, makríl og gulllak svo tekin séu fáein dæmi.

Iceland Pelagic ehf. var stofnað árið 2008 og er samstarfsverkefni Skinneyjar-Þinganes og Ísfélags Vestmannaeyja, fyrirtækið hóf starfsemi í júní sama ár og voru aðalskrifstofur þess í Vestmannaeyjum fyrst um sinn. Til að stýra rekstri félagsins var ráðinn brottfluttur Hornfirðingur, Gunnar Örn Reynisson, viðskiptalögfræðingur. Gunnar hóf störf í ágústmánuði stofnarið og voru aðalskrifstofur félagsins fluttar til Hornafjarðar í framhaldi af því. Starfsmenn félagsins eru sem stendur þrír á aðalskrifstofu á Hornafirði, tveir sölumenn starfa fyrir félagið á erlendri grund, búsettir í Litháen annarsvegar og Póllandi hinsvegar ásamt því að einn starfsmaður er á Þórshöfn á Langanesi og annar starfsmaður er á vegum félagsins í Reykjavík.

Sala á afurðum hefur gengið vel og er útlitið bjart hvað framtíðina varðar í þeim efnum. Félagið er ansi umsvifamikill á mörkuðum í austur-Evrópu og Rússlandi ásamt því að fluttar eru afurðir til Kína og Afríku svo dæmi séu tekin. Móðurfélögin



eru vel sett hvað veiðiheimildir varðar og hafa yfir að ráða öflugum skipaflota. Eins og alkunna er hafa tvö ný skip verið tekin í notkun hjá Skinney-Þinganesi og má geta þess að Ísfélag Vestmannaeyja er að láta smíða mjög öflug frystiskip fyrir sig í Chile. Ísfélag Vestmannaeyja er með verksmiðju í Vestmannaeyjum ásamt því að félagið yfirtók Hraðfrystistöð Þórshafnar og er einnig með landvinnslu þar ásamt því að fullvinna afurðir um borð í vinnsluskipinu Guðmundi. Á Hornafirði er Skinney-Þinganes með einkar afkastamikla vinnslu og má af því ráða að framboð félagsins á afurðum er töluvert. Veiði á síld hefur gengið vonum framur í sumar ásamt því að makríll hefur verið unninn í töluverðu magni og er eftirspurn á mörkuðum umtalsverð og því er útlitið bjart hvað framtíðina snertir.

Sumarið hjá Sunddeild Sindra



Sumarið hjá Sunddeild Sindra var viðburðaríkt, Bára S. Ólafsdóttir hafði yfirumsjón með þjálfun en hafði gott fólk með sér á námskeiðum fyrir 5-8 ára sem voru mjög vel sótt. Sundæfingar voru þrisvar í viku og einnig var boðið uppá námskeið fyrir fullorðna og voru þau mjög vinsæl. Seinnipartinn í ágúst fengum við góða gesti en þá kom Magnús Már Jakobsson sundþjálfari UMFG í Grindavík í heimsókn með nokkra sundgarpa með sér og sló upp æfingabuðum sem hann og Bára sáu um ásamt vösku liði foreldra sundgarpa í Sunddeild Sindra, einnig komu 2 garpar frá Djúpavogi og syntu með okkur. Synt var frá miðjum föstudegi fram á sunnudag. Ýmislegt annað var nú gert en að synda, farið á Jökulsýningu, ratleik, kvöldvöku og síðan enduðum við

heimsóknina á sunnudeginum með að fylgja Grindvikingum áleiðis heim og fengum okkur ís í Árbæ og Einar Björn bauð liðinu í siglingu á Jökulsárlóni. Þökkum öllum sem lögðu hönd á plóg með að gera þessa helgi svona frábæra, kærlega fyrir.

Sunddeildin tók sér tveggja vikna sumarfrí en er nú komin á fullt skrið. Æfingar eru tvisvar í viku og er Þuríður Snorradóttir þjálfari. Nú er komið að okkur að heimsækja Grindavík og það ætlum við að gera í vetur. Námskeið verða fyrir fullorðna og fer sennilega að verða tímaspursmál hvenær sund verður ein af keppnisgreinum Í formi.

Hlökkum til að sjá ykkur öll í sundi

Stjórnin

Frjálsar íþóttir

Sumarstarf frjálsíþróttadeildarinnar hófst í byrjun júní. Fyrsta mótið sem við tókum þátt í var Humarmótið sem er orðið árisst móti í tengslum við Humarhátið. Þátttakendur voru flestir héðan af svæðinu en þó komu nokkrir frá UÍA og eins af stór Reykjavíkursvæðinu. Þetta móti tókst mjög vel og okkar krakkar stóðu sig vel.

Vikuna 20. -24. júlí stóð frjálsíþróttadeildin fyrir frjálsíþróttaskóla í samstarfi við FRÍ. Þessi skóli var rekinn á nokkrum stöðum á landinu. Allur undirbúningur og framkvæmd var í höndum okkar sem og að ráða

þjálfara og að fá gestakennara. Aðalkennari skólans hjá okkur var Gísli Pálsson og honum til aðstoðar voru Jóhanna Íris Ingólfssdóttir og Guðrún Ingólfssdóttir. Gestakennari var Guðmundur Jónsson. Hann sýndi okkur stangarstökk og lét krakkana prófa það og þetta vakti mikla lukku. Skólanum var lokið með grilluðum hamborgurum og óvissuferð út á Stokksnes sem lukkaðist mjög vel.

Unglingalandsmótið var haldið um verslunarmannahelgina á Sauðárkróki. Þar áttum við um 20 þátttakendur sem stóðu sig mjög vel þrátt fyrir ansi mikinn kulda.

Helgina 15-16 ágúst stóð USÚ fyrir Meistaramóti Íslands 11-14 ára hér á Höfn. Þar keppti stór hópur frá okkur og þetta lukkaðist í alla staði mjög vel. Einnig stóðu foreldrar og aðrir Hornfirðingar sig með sóma og fengum við mikið hrós fyrir alla umgerð og hvað allt gekk hnökralaust fyrir sig.

Í lok ágúst var svo Meistaramóti Íslands 15-22 ára haldið í Kópavogi. Þangað fóru 5 keppendur frá okkur sem stóðu sig frábærlega.

Sumarið enduðum við svo á að fara á bikarmóti 16 ára og yngri sem haldið var í Vík í Mýrdal. Það

var mjög skemmtilegt móti og ekki spillti fyrir að geta skotist þetta á einum degi.

Nú er vetrarstarfið komið á fullt skrið og eru æfingar sem hér segir:

10 ára og yngri: miðv. og fim. kl. 14:10 þjálfari Sandra Rán Ásgrímsdóttir

11 ára og eldri: þriðjud. kl. 20:00, miðvikud. kl. 18:00, fimmtud. kl. 21:00.

Þjálfarar Guðrún Ingólfssdóttir og Jóhanna Íris Ingólfssdóttir

Humarhátíð 2009



17. bæjarhátíð okkar Hornfirðinga Humarhátíðin var haldin 29 júní til 5. júlí. Töluverð vinna var sett í að undirbúa þessa hátíð sem fólst í því að klasi var settur saman til að hressa upp á hátíðina, fá heimafélkið meira með sem og brottflutta Hornfirðinga. Í stuttu máli var útkoman út úr þessum fundum sú að horfa meira til heimamanna hvað varðaði skemmtikrafta, teygja á hátíðinni sjálfa og að gera tilraun með að færa hátíðarsviðið. Einnig var hugmyndin sú að gera hátíðina fjölskylduvænni, losna við gámana af hafnarsvæðinu, að því ógleymdu að HUMARINN væri í aðalhlutverki.

Allt þetta var gert og heppnaðist hátíðin mjög vel. Hún var haldin undir slagorðinu „Þar sem hornfirskur menning er í fyrirrúmi“

Dagskráin var fjölbreytt og eins og fyrir segir hófst hún á mánudeginum með fyrirlestri um humar og tók svo hver liðurinn við af öðrum og á föstudeginum varsvosjálfssetningin, eftir vel heppnaða skróðgöngu. Þétt dagskrá var á hátíðarsviði sem endaði með fjölskyldudansleik með hljómsveitinni Parket. Dagskráin hélt svo áfram fram á sunnudag og af nógu var að taka. Það er gaman að segja frá því að sennilega hafa aldrei verið fleiri skemmtiatriði frá Hornfirskum skemmtkröftum.

Ein af nýjungunum var að UMF. Sindri stóð fyrir íþróttamóti sem samanstóð af motócrossi, sundi, fótbolta og frjálsum íþróttum, en því miður fyrir fótbolta og

sundmótið komu engir að, en á frjálsíþróttamótinu sem haldið var á sunnudeginum voru um 60 keppendur.

Þá voru fastir liðir eins og Golfmót, Heimsmeistaramót í Hornafjarðarmanna, kassabílaralli og burnout keppni sem nýtur ótrúlega mikilla vinsælda. Þá voru markaðir t.d. handverksmarkaður, ljósmyndamarabon. Flóamarkaður Humarhátíðar var haldinn á laugardeginum og svo voru ungir listamenn með nokkrar sýningar t.d. Hlynur Pálmason, Bibbi, Jón Björnsson og Hanna Jónsdóttir. Þá var haldin sögusýning Humarhátíðar í Pakkhúsinu, en jafnframt henni sendi Bylgjan þar út dagskrá sýna á föstudegi og laugardeginum.

Það var mál manna að þessar breytingar hafi heppnast mjög vel þó svo að eitthvað þyrfti að finslipa eins og eðlilegt er. Vedrið lék við okkur nema í 2 tíma á laugardagskvöldinu þar sem rok og rigning eyðilagði svolítið hátíðarstemninguna en þó ekki meir en það að brennan var á sínum stað þar sem Heiðar Sig og Brói stóðu fyrir fjöldasöng.

Aðstendur hátíðarinnar að þessu sinnu voru Knattspyrnudeild Sindra og Björgunarfélag Hornafjarðar, með aðstoð Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, en þessi félög hafa komið að öllum hátíðunum eftir að Sveitarfélagið lagði þetta í hendurnar á félagasamtökum 1998 og er spurning hvort nú sé ekki rétti tíminn að hagsmunaraðilar taki þetta yfir.

Félagsmiðstöðin Miðgarður

Félagsmiðstöðin Miðgarður er fyrir nemendur í Grunnskóla Hornafjarðar, frá 6. bekk til 10. bekkjar og er til húsa á Hafnarbraut 40 (gula húsinu).

Miðvikudaginn 2. september var Miðgarður opnaður. Þá var tilkynnt hverjir voru kosnir til Miðgarðsráðs. Sex aðilar eru í ráðinu, tveir úr hverjum árgangi, 8.-10. bekk. Hlutverk þeirra verður svo að vera tengiliðir síns árgangs ásamt því að skipuleggja viðburði og sjá um þá ásamt starfsfólki Miðgarðs. Þá er fundað vikulega auk þess sem ráðið fer í vinnuferð ásamt starfsmanni til að koma með hugmyndir fyrir starfið, sem verður svo unnið úr.

Í Miðgarðsráði eru:

Formaður: Lukka Óðinsdóttir (10.Á)

Varaformaður: Ingólfur Waage Jónsson (10.B)

Ritari: Anna Regína Heiðarsdóttir (9.Í)

Meðstjórnendur: Ingvi Þór Sigurðsson (9.A), Ljósbrá Dögg Ragnarsdóttir (8.G) og Ívar Örn Valgeirsson (8.G)

Fimmtudaginn 10. september var opnað fyrir 6. og 7. bekk og unglíngunum gefinn kostur á að kynna húsnæðinu, tækjunum og starfsfólkinu.

Félagsmiðstöðin Miðgarður er í Samfés sem er Samtök félagsmiðstöðva á Íslandi sem stendur fyrir mörgum viðburðum á landsvisu hjá félagsmiðstöðvunum. Þá er Miðgarður líka aðili að Samaust sem eru Samtök félagsmiðstöðva á Austurlandi.

Eins og áður sagði verður komið með hugmyndir að viðburðum í fyrirhugaðri vinnuferð Miðgarðsráðs og á vikulegum fundum en þó eru nokkrir sem hafa fengið fastan sess og eru þeir eftirfarandi:

Sundstuð
Hrekkjavaka
Stelpukvöld
Strákakvöld
Fullveldishátíðin í samstarfi við Heppuskóla
Söngkeppni
Innilega Samfés hátíð (10. bekkur
Kaffihúsakvöld
Vorhátíð, í samstarfi við Heppuskóla

Ýmsir klúbbar eru í bígerð, t.d. eftirfarandi:

Hobbyklúbbur: spennandi og skemmtilegur klúbbur þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þar verður fjölbreytning í fyrirrúmi, m.a. margmiðlun, matseld, fjallgöngur, fiskveiðar. Svo verður endað á óvissuferð. Klúbburinn hefst þriðjudaginn 15. september og er til 17. nóvember.

Stílkúbbur: Undirbúningur fyrir Stíl 2009. Stíll er keppni á vegum Samfés sem gengur út á fatahönnun, förðun og hárgreiðslu. Fyrirhugað er að hafa hér undankeppni fyrir aðalkeppnina, og verður leiðbeinandi með hópnum.

Söngklúbbur: Söngkeppni Samfés er árlegur viðburður og er undankeppni fyrir hana á Austurlandi. Við leggjum metnað í að unglíngarnir séu vel undirbúnir fyrir keppnina og því verður klúbbur þar sem unglíngarnir geta fengið leiðbeiningu frá fagaðilum, svo verður haldin undankeppni í lokin.

Opnunartími Miðgarðs:

8. - 10. bekkur
Mánudagar: 20:00 - 22:00
Þriðjudagar: í hádeginu
Miðvikudagar: 20:00 - 22:00
Fimmtudagar: í hádeginu
Föstudagar: í hádeginu og 20:00 - 23:00 (annan hvern föstudag)

6. - 7. bekkur
Miðvikudagar: 16:30 - 18:30

Einnig má geta þess að fyrirhugað er að opna Miðgarð fyrir ungmenni á aldrinum 16-25 ára. Miðgarður væri þeim afþreyingarstaður þar sem markmiðið er að bjóða ungu fólki upp á aðstoðu til skemmtunar og dægradvalar án vímuefna og tóbaks. Leitast verður við að ungmennin skipuleggi að mestu starfseminu og verði leiðandi í jákvæðu starfi ungs fólks.

Starfsemi í Miðgarði verður auglýst í skólum, á Facebook, á skjávarpinu og svo er verið að vinna að heimasíðu þar sem verður hægt að fá ýmsar gagnlegar upplýsingar. Ef um stærri viðburði og ferðalög er að ræða verður haft samband við foreldra. Starfsmenn Miðgarðs eru Helga Rún Guðjónsdóttir og Brynjar Þór Pétursson.

„Tökum rennibrautirnar með okkur“

Sundlaugin fær frábærar móttökur



Ég undirritaður vil byrja á að þakka fyrir frábærar móttökur bæjarbúa og gesta við nýju sundlauginni okkar. Mikið hefur verið að gera í lauginni allt frá opnun 23. apríl og ekki síst í sumar og má segja að fast að 400 gestir hafi komið dag hvern í lauginni síðustu fjóra mánuðina. Toppurinn á aðsókninni var um humarhátíðarhelgina þar sem yfir 700 manns fóru í sund á laugardeginum. Til gamans má geta þess að ef fjöldi gesta í gömlu lauginni fór yfir 200 á dag sumarmánuðina var hrópað húrri. Aðsóknin hefur farið fram úr björtustu vonum. Það er gaman að heyra hvað fólk er ánægt með mannvirkni og einkum yngri kynslóðin nýtur sín sérstaklega vel þá aðallega í rennibrautunum. Það heyrðist eftir heimsókn íþróttahóps í lauginni í sumar að einn keppandi sagði „rosalega væri gott að geta tekið rennibrautirnar með sér heim í sundlauginni okkar“. Sundlaugin hefur líka gert það að verkum að fjölskyldufólk hefur stoppað lengur

við hjá okkur í sumar en ella sem kemur sér vel fyrir staðinn í heild. Erlendir ferðamenn eru algjörlega dolfallnir yfir því að lítið samfélag skuli eiga svona flotta sundlaug, sambærilegar væri vart að finna annarsstaðar í heiminum. Þetta væri svo ferskt.

Íþróttafólkið okkar í góðum gír

Það hefur líka verið mikið um að vera á Sindravöllum í sumar þar sem mest hefur farið fyrir knattspyrnunni og frjálsum íþróttum og þar stendur hæst MÍ í frjálsum 11 – 14 ára. Með tilkomu þessara glæsilegu íþróttamannvirkja er ljóst að hornfirskt íþróttafólk getur nú æft við bestu aðstæður enda má strax greina betri árangur og bætta ástundun íþróttafólksins. Við eigum t.d. ungt íþróttafólk sem með framgöngu sinni er á meðal þeirra fremstu á landinu í sínum íþróttagreinum. Inn við Mánagarð er Mánavöllur og æfingavellir.

Þar er góður knattspyrnuvöllur og umhverfis hann er 400 m. malarhlaupabraut og aðstaða fyrir kastgreinar. Þessi góða aðstaða eykur líka möguleika íþróttafélaga og sambanda hér að ná til sín mótum á landsvísi. Við hér á Hornafirði getum og eigum að nýta íþróttamannvirkni okkar eins vel og við getum, til þess eru þau. Við skulum líka bera virðingu fyrir þeim. Íþróttamannvirkni eru oft andlit sveitarfélaga og þess vegna ber að hirða og virða þau vel.

Nú að hinu leiðinlega eða nauðsynlega. Nokkuð bar á því í vor og sumar að þröngur hópur ungs fólks bar ekki virðingu fyrir nýju sundlauginni, það var kappkostað að brjóta reglur sem gilda í sundlaugum og eins var verið að reka kústa upp í loftplötur í baðklefum og skemma. Gekk þetta úr hófi fram þar til settar voru skýrar reglur af bæjaryfirvöldum hvernig skyldi á þessu tekið. Það er annað en gaman fyrir sundlaugarverði sem

bera ábyrgð á gestum laugarinnar þegar einhver hópur tekur sig til og stefnir lífi og limum sjálfra síns og annarra í hættu með óásætlanlegri hegðun. Fannst nauðsynlegt að koma þessari áminningu að. Framundan er vonandi áframhaldandi uppbygging íþróttamannvirkja og er nú til umræðu gervigrasvöllur í hálfri vallarstærð og verður hann væntanlega staðsettur sem næst Lönguvitleysu og fjærst Garðshólnum innan byggingareitsins. Ef allt gengur eftir er áætlað að hann verði sparkhæfur næsta vor. Þessi viðbót yrði því mikil lyftistöng fyrir knattspyrnufolk auk þess að létta álagi á íþróttahúsið á Höfn haust og vetur. Það má því með sannri segja að framtíð íþróttamála hér á Hornafirði sé björt bæði hvað varðar iðkendur og aðstöðu.

Íþróttakveðja, Haukur H. Þorvaldsson forstöðumaður íþróttamannvirkja á Hornafirði.

Ferðasumarið mikla 2009 í ríki Vatnajökuls

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að þetta ferðasumar hefur sprengt allar viðmiðanir. Hér í Austur-Skaftafellsýslu hefur svo sem öll gisting verið fullbókuð yfir hásumarið í þó nokkur ár en aldrei hefur verið eins mikið bókað og þetta árið.

Einnigeruflestirferðaþjónustuaðilar sammála því að ferðasumarið hafi byrjað mánuði fyrr en síðastliðin ár og enn er þó nokkuð af ferðamönnum á svæðinu.

Margir tala um að meira sé um að ferðamenn gisti fleiri en eina nótt, jafnvel þrjár nætur og er það rekstrarlega hagkvæmara en ef gista aðeins eina nótt á hverjum stað.

Nú er bara að vona að veturinn verði góður en þeim ferðaþjónustuaðilum sem hafa opið á veturna fer fjölgandi.

Afpreyngarfyrirtækin bera sig flest mjög vel og tala um mikla aukningu, Jökulsárlónið setti hvert gestametið á eftir öðru, Jöklafeppar-Ís og áventýri hafa enn nóg að gera og hafa aldrei sést eins margi bílar við afleggjarann uppá jökul og í sumar.

Þau mætu hjón Einar Rúnar og Matta hjá Öræfaferðum hafa aldrei farið með fleiri út í Ingólfshöfða en í ár. Einar Rúnar okkar ástkærri fjallaleiðsögumaður stefnir á að halda sig í heimahéraði í vetur í jökla og fjallaferðum, ísklifri, skíðaferðum og ferðum sínum á Hvannadalshnjúkinn en hann hefur verið að fara í lengri skíðaferðir um tinda í öðrum landshlutum yfir vetrartímann undanfarin ár.

Íslenskir fjallaleiðsögumenn fengu óvænta samkeppni í Jöklaöngurnar í sumar en þeir hafa verið brautryðjendur í þessari tegund afpreyngar á svæðinu sem og á Íslandi.

Þeir geta þó sátt við unað því alger sprengja var í ásókn í ferðirnar þeirra sem aldrei fyrr en þeir hafa sýnt elju og áráðni í því að byggja upp vetrarferðamennsku með því að lengja viðveru sína á svæðinu yfir á jaðartímana.

Hið nýja fyrirtæki Jöklaamenn bera sig einnig vel og fór aðsóknin fram úr öllum þeirra áætlunum, en þeir stofnuðu og skráðu fyrirtæki sitt hér í sveitafélaginu sem er



virðingarvert.

Það er staðföst trú mín að því fleiri afpreyngarfyrirtæki sem starfi á svæðinu og bjóði upp á meiri fjölbreytni en í öðrum landshlutum geri okkur bara samkeppnishæfari.

Fyrirtækið Fjöruferðir veðjar á veturinn í sínum rekstri enda alltaf gaman að fara á fjórhjól sama hvernig veðrið er. Verið er að vinna að gerð upplýsingaskilta fyrir Melatangann og Suðurfjörurnar en sú vinna mun styðja mikið við fyrirtækið en þeir hafa gert sögu flugsins og hernáminu góð skil í sínum ferðum ásamt náttúru svæðisins.

Vanajökull Travel með frumkvöðulinn Guðbrand Jóhannsson í fararbroddi er óþreytandi í því að leita nýrra tækifæra og eru engin takmörk fyrir fjölbreyttri þjónustu fyrirtækisins.

Flugfélagið Ernir stendur sig alltaf jafn vel í því að fljúga með ferðamenn jafnt sem heimamenn til og frá Hornafirði, en þeir bættu aldeilis við þjónustu sína í sumar hér á svæðinu með því að byrja með útsýnisflug. Að sögn eru þeir ánægðir með útkomuna og ætla að halda áfram með útsýnisflugdið næsta sumar.

Hin nýja og glæsilega sundlaug

vakti heilmikla lukku og verður mikilvægur þáttur í uppbyggingu á ferðaþjónustu á Hornafirði, hef trú á því að hún verði mikið aðdráttarafyrir svæðið allt í framtíðinni. Margir ferðalangar töluðu þó um að hún mætti vera lengur opin um helgar.

Held að það megi fullyrða að allir veitingastaðirnir í ríki Vatnajökuls hafi haft meira en nóg að gera, enda flestir sem leggja metnað sinn í að bjóða upp á mat úr héraði. Höfn er að verða þekkt fyrir ekki aðeins gott hráefni heldur frábæra veitingastaði.

Niðurstaðan eftir þetta mikla ferðasumar er þó sú að við erum engan veginn í stakk búin til að taka á móti þessum fjölda ferðamanna, við getum aldrei stýrt því hversu margir ferðamenn kjósa að koma hingað yfir sumarið þó að aðaláherslan sé á markaðsetningu vetrarins.

Við leggjum höfuðáherslu á veturinn og að byggja upp vetrarferðamennsku en við verðum að byggja upp innviðina þannig að það sjái ekki á náttúrunni sem ferðamaðurinn kemur til að upplifa. Við verðum að byggja upp salernisaðstöðu á vinsælum áningastöðum, þá verður ferðamaðurinn að geta losað sig við sorp á ferðum sínum um

svæðið hvort sem hann ferðast á hjóli með tjald, með hjólhýsi eða í hótलगistingu.

Í sumar var mikið um að fólk kæmi á svæðið án þess að vera búin að panta gistingu og endaði með því að sofa í bílum sínum, þá var stundum svo mikill atgangur á veitingastöðunum að færri komust að en vildu, fjöldinn allur af fólki fékk hvergi inni og endaði með skyr.is í bílunum sínum.

Mikilvægter að fara í þarfagreiningu á þjónustu. Þá eru mörg fyrirtækjanna í hraðri uppbyggingu. Nú í haust mun Útflutningsráð bjóða uppá HH2 námskeið. Hagvöxtur á heimaslóð eða HH1 var haldið hér á Suð-Austurlandi veturinn 2006 en mörg verkefni litu dagsins ljós eftir það námskeið eins og klasinn Ríki Vatnajökuls.

Gengi íslensku krónunnar hefur haft jákvæð áhrif á komu ferðamanna til landsins og miðað við þær tölur sem við höfum stendur Suð-austur og Austurland fremst hvað varðar aukningu ferðamanna milli landsvæða og má þakka það ötulu samstarfi aðila að ferðaþjónustuklasanum í Ríki Vatnajökuls.

*Rósa Björk Halldórsdóttir
Framkvæmdastjóri
Ríki Vatnajökuls*

Körfuboltinn í vetur



Vetraræfingum í körfuboltanum lauk síðasta dag aprílmánaðar og er óhætt að segja, að þátttaka á æfingum síðasta vetur hafi verið góð, yfir 50 iðkendur. Hlé var gert á æfingum í maímánuði en boðið var upp á æfingar í júlí og ágúst. Til stóð að hafa æfingar í íþróttahúsinu í júnímánuði en húsið var lokað fyrir íþróttaiðkun á þeim tíma og er það umhugsunarvert hvort rétt sé að loka íþróttahúsinu í svo langan tíma.

Karl Þórðarson er farinn heim aftur á Suðurnesin og þakkar körfuboltadeildin honum fyrir vel unnin störf. Ottó Marvin verður áfram hjá okkur. Skúli Þórarinsson er síðan komin aftur hingað til Hafnar og mun verða yfirþjálfari deildarinnar og er það mikill styrkur fyrir körfuboltann að fá hann aftur. Okkur vantar þjálfara til að vera með 1 eða 2 flokka og biðum við þá sem hafa áhuga að hafa samband við okkur.

Við sendum tvö lið á unglíngalandsmót UMFÍ á

Sauðárkróki sem haldið var í sumar og vonandi getum við haldið því áfram því þar var hægt að spila marga leiki og fá mikla reynslu.

Keppt verður í vetur á Íslandsmóti í minnibolta bæði hér heima og að heiman. Meistaraflokkur keppir í 2. deild karla C-riðli og verða leikir í íþróttahúsinu.

Stefnt er að því að senda nokkra vel valda á dómaramámskeið hjá KKÍ og eru áhugasamir beðnir um að hafa samband við okkur en körfuboltadeildin mun greiða allan kostnað.

Frítt verður á æfingar í körfubolta út september og hvetjum við alla til að koma og æfa.

Það er mikil gróska í öllu íþróttalífi og mun körfuboltadeildin taka þátt í því að gera veturinn skemmtilegan.

Stjórn körfuboltadeildar Sindra

Blakdeild 2009 -2010

Það er mikill hugur í blakdeild Sindra og iðkendum fjölgar jafnt og þétt.

Það er mikið framundan hjá okkur í vetur.

Krakkar í 4. – 8. bekk munu taka þátt í Íslandsmóti eins og síðustu ár.

Í fyrsta skipti verður 3. flokkur karla og kvenna (9. og 10. bekkur) með á Íslandsmóti og það er frábært að sjá hversu margir krakkar á þessum aldri eru að æfa og hafa jafnvel æft frá því að krakkablakið byrjaði hér á Höfn enda sjáum við miklar framfarir hjá þessum krökkum. Karlarnir ætla að taka þátt í 2. deildinni fyrir austan en konurnar verða áfram í 2. og 3. deildinni eins og í fyrra.

Iðkendur hjá blakdeildinni eru að nálgast 100 og hefur mesta fjölgunin verið í elsta flokknum en hátt í 50 fullorðnir, karlar og konur, æfa hjá okkur.

Blakdeildin réði til sín 2 nýja þjálfara, þau Huldu Laxdal sem flestir þekkja og Róbert Matthíasson. Hulda mun sjá um þjálfun í 3. fl. karla og kvenna og Róbert mun sjá um þjálfun hjá elstu flokknum ásamt því að Hulda aðstoðar hann eftir þörfum. Sævar mun sjá um krakkablakið hjá 4. – 8. bekk.

Stefna er tekin á 2 Íslandsmót hjá krökkunum og mfl. stefnir á Íslandsmót, kannski einhver hraðmót og að sjálfsögðu á öldungamót. Einnig heimsóttu krakkarnir og konurnar Fáskrúðsfirðinga í fyrra og Fáskrúðsfirðingar komu hingað og stefnum við á að endurtaka þessar heimsóknir.

Það lítur því út fyrir mikið fjör hjá blakdeildinni í vetur og frábært að sjá hvað hún hefur vaxið jafnt og þétt síðustu ár.

*Blakkveðjur
Stjórnin*

4. flokkur karla í knattspyrnu sumarið 2009

4. flokkur karla æfði 4x í viku í sumar og voru strákarnir mjög duglegir að mæta.

Það voru 20 strákar sem æfðu og er það mjög gott.

Við tókum þátt í Íslandsmóti og lentum þar í 4. sæti af 6 liðum.

Strákarnir fóru líka á Rey-cup og stóðu sig mjög vel þar.

Við enduðum sumarið á að fara til Eyja og spila báða leikina þar við ÍBV.

Eyjamennirnir tóku mjög vel á móti okkur buðu okkur á leik í Pepsideildinni og svo í grill um

kvöldið. Það var ánægjulegt að allir komust í þessa ferð til Eyja, 20 strákar, og skemmtu þeir sér vel þó úrslitin hafi ekki verið okkur hliðholl.

Ég vil þakka öllum strákunum fyrir gott sumar og óska þeim alls hins besta á fótboltavellinum og í öllu því sem þeir taka sér fyrir hendur í framtíðinni og vona að sem flestir haldi áfram í fótbolta.

Kv. Sævar Þór þjálfari



**Munum eftir
endurskinsmerkjunum!**

Sumarið 2009

Fyrirliði: Sandra Sigmundsdóttir

Þjálfari: Sindri Ragnarsson

Aðstoðarþjálfari : Jóhann Bergur Kiesel

Markahæsti leikmaður Mfl. Kvk: Sandra Sigmundsdóttir

Leikmenn sem náðu 50. leiknum sínum með meistaraflokki: Heba Björg Þórhallsdóttir & Sandra Rán Ásgrímsdóttir

Leikmenn sem spiluðu alla leiki sumarsins: Árdís Drífa Birgisdóttir, Bríet Bragadóttir, Eydís Arna Línal, Sigríður Bjarney Guðnadóttir, Valdís Ósk Sigurðardóttir.

Sumarið hjá okkur í meistaraflokki kvenna var viðburðaríkt í alla staði. Það byrjaði á því að Sindri Ragnarsson tók við þjálfun af Söndru Sigmundsdóttir sem hafði þá þjálfað okkur í rúmt ár.

Sumarið byrjaði í raun á þjálfaraskiptum, grillveislu, sem endaði reyndar í pítsuveislu, myndatöku og fleiru skemmtilegu. En það var búið að ákveða það löngu áður en sumarið byrjaði að mórallinn ætti að ná nýjum hæðum í sumar. Til að halda mórallnum uppi skiptumst við á að halda matarboð fyrir hvern einasta heimaleik, förum í myndatökur fyrir alla heimaleiki og gerðum margt skemmtilegt til að breyta útaf venjunni.

Fyrsti leikur sumarsins var heimaleikur, 30. maí þar sem við mættum næsta meistaraflokki kvenna í suður eða Selfossi. Við náðum okkur ekki alveg á strik í þeim leik og töpuðum honum 3 – 0. En margt jákvætt kom fram í leiknum og vorum við bara rétt að byrja og nóg eftir af sumrinu til að bæta þetta upp.

Næsti leikur var á móti HK/Víking á útivelli. Við mættum ferskar, á réttum tíma, á Kópavogsvöll á föstudeginum. En þar sem kannski nokkrir vita þá hefur þjálfarinn okkar mjög gaman af því að tala og auðvitað vildi hann tala svolítið í byrjun sumars og okkur fannst það nú heldur ekki leiðinlegt en það versnaði í því þegar við áttuðum okkur á því að aðeins korter væri í að leikurinn ætti að hefjast. Og við stelpurnar sem erum oft lengi eins og karlpeningurinn veit skelltum

okkur í fötin og vorum mættar útá völl 10. mín. fyrir leik. Settum örugglega Íslandsmet í að vera fljótar að gera okkur tilbúna, ef ekki heimsmet. Dómaranum og hinu liðinu fannst þetta nú frekar skrytið, að mæta 10 mínútur í leik útá völl og ætla þá að byrja hita upp. Einhverjir höfðu líka orð á því hvaða snobbaða lið þetta væri eiginlega utan af landi, héldi að það væri svo gott að það þyrfti ekki einu sinni að hita upp.

En lítil upphitun hafði ekki mikil áhrif á okkur, þetta var sigurstranglegasta liðið í riðlinum og vorum við alltof lengi að átta

bikarnum. Þvílíkur leikur að baki.

En þetta var ekki búið, mánudaginn á eftir voru Hattarstelpurnar mættar aftur en núna var verið að etja kappi í deildinni. Við gerðum okkur lítið fyrir og sigruðum þær 3-1 eftir, auðvitað, mark frá þeim í byrjun leiks. Sólveig Valgerður Sveinbjörnsdóttir sem spilaði sinn fyrsta meistaraflokksleik í sumar skoraði tvö mörk í leiknum með glæsibrag. Enda fékk hún viðurkenninguna maður leiksins eftir þennan leik.

Í byrjun sumars fengum við gefins bangsa sem við skirðum Sindra.

við héldum og við uppskárum eins og við sáðum og enduðum með því að Sigríður Bjarney skoraði eitt mark seint í seinni hálfleik, en það dugði ekki til vegna þess þær náðu að skora 4 mörk í fyrri hálfleik. Iðunn Tara var valin maður leiksins eða seinni hálfleiks.

6 stig komin í pottinn hjá meistaraflokki kvenna eftir 4 leiki í deildinni, við vorum nokkuð ánægðar með það og næst var haldið í Laugardalinn að keppa seinasta leikinn fyrir Húmarhátið og var planið allan tíman að byrja helgina vel. Það tókst ekki eins vel og áætlað var. Einn slakasti leikur



okkur á því að við gætum nú samt alveg staðið í þeim. Þessi ágætis leikur endaði 4-0 heimamönnum í vil, en við förum nú samt reynslunni ríkari heim: alltaf að vera með klukku inni klefa.

Föstudaginn 12. júní byrjaði svo sumarið að rúlla hjá okkur í meistaraflokki fyrir alvöru.

1. umferð í VISA-bikarnum var að hefjast og mótherjar okkar þessa umferðina voru engir aðrir enn Héraðsstubbarnir úr Hetti. Leikurinn byrjaði eins og flestir okkar leikir í sumar, andstæðingarnir skoruðu mark snemma í fyrri hálfleik. En svo var leikurinn voðalega jafn eftir það nema á 90. mínútu þegar Sandra Rán Ásgrímsdóttir skoraði glæsilegt mark og gaf okkur þá enn meiri möguleika til þess að komast áfram í bikarnum. Eftir venjulegan leiktíma var ennþá jafntefli svo framlengja varð leikinn og á 104. mínútu var Sandra Rán, maður leiksins, mætt aftur og skorðaði úrslitamark sem kom okkur áfram í

Þessi bangsi var farandbikar og valdi þjálfari eftir hvern leik einn mann sem honum fannst eiga hann skilið og var þar af leiðandi maður leiksins. Sandra Rán fékk Sindri fyrir 1. & 3. leikinn og Sigríður Bjarney fyrir 2. leikinn.

En eftir Hattarleikina var sumarið byrjað að rúlla. Eða það héldum við, næsti leikur var á móti Leikni/Fjarðabyggð þar sem við vorum harðákveðnar í að vinna og unnum hann 3-1 eftir að hafa fengið mark á okkur snemma í fyrri hálfleik. Sandra Sigmundsdóttir (fyrirliði) var valinn maður leiksins. Mörkin skoruðu Valdís Ósk, Sandra Sigmundsdóttir og Árdís Drífa sem var einnig með fyrsta mark sitt fyrir meistaraflokk

2. umferð VISA bikarsins var svo 27. Júní þar sem stelpurnar úr Völsungi komu í heimsókn og kjúklingarnir, við, leyfðum þeim að valtra yfir okkur í fyrri hálfleik. En í seinni hálfleik áttuðum við okkur á því að þær væru ekki jafn erfiðar og

sumarsins til þessa. Við förum með 5 mörk á bakinu heim og enginn maður leiksins enda arfa léleg frammistaða hjá öllum í liðinu.

Nú var sumarið hálfnað og ætluðum við sko ekki að gefast upp þarna þótt við værum bara komnar með 4 stig enda nóg af stigum eftir í pottinum. Við hófum 2. umferð á móti Selfossi þar sem við vorum 1-0 yfir frá 8. mínútu og fram á 90. mínútu þar sem við fengum mark á okkur sem var reyndar búið að liggja í loftinu í alllangan tíma. 1-1 lokatölur leiksins og Valdís Ósk maður leiksins og átti hún það fyllilega skilið, búið að koma sterk til baka í sumar.

Loksins var svo komið að heimaleik þar sem HK/Víkingur kom í heimsókn, við létum þær nú ekki valtra yfir okkur eins og í fyrri leiknum og töpuðum bara 1-0 þar sem Eydís Arna Línal var valinn maður leiksins eftir að hafa staðið eins og klettur í vörninni í allt sumar.

Þriðji síðasti leikurinn og jafnframt úrslitaleikurinn um að komast áfram í úrslitakeppnina var útileikur á móti Hetti. Við mættum á gervigrasvöllinn í Fellabæ með fulla trú á sjálfum okkur og mórallinn og stemmingin alveg í hæstu hæðum enda ekki annað hægt, verslunarmannahelgin á næsta leyti og allt jákvætt. Leikurinn byrjaði á frábæru marki frá Söndru Sigmundsdóttur eftir mjög góða sendingu frá Hebu Björg uppí hornið. En við misstum tókin á leiknum og náðu þær að skora á fyrstu mínútum seinni hálfleiks og svo á 73. mínútu fengum við á okkur seinna markið enda búnar að vera að spila lélegan fótbolta og áttum það skilið, þá voru Hattarstelpur komnar í 2-1. En Lejla Cardaklija og Sandra Sigmundsdóttir létu það ekki á sig fá og strax eftir að miðjan var tekin gaf Lejla uppí horn þar sem Sandra var tilbúin og skoraði jöfnunarmarkið, 2-2. Eftir þetta var hart barist og loks á 88. mínútu fengum við hornspyrnu þar sem Sigríður Bjarney kom með frábæra sendingu inni og beint á hausinn á Iðunni Töru sem skoraði úrslitamarkið og tryggði okkur farmiðann í úrslitakeppnina á gullfati. Lokastöður leiksins 3-2 fyrir Sindrastelpum sem voru komnar áfram í úrslitakeppnina og Iðunn Tara maður leiksins og lærðum við það að maður á aldrei að gefast upp.

Eftir verslunarmannahelgina var farið á Reyðarfjörð að keppa í Fjarðarbyggðarhöllinni þar sem við unnum Fjarðarbyggð örugglega 3-1. Þar sem Árdís Drifa skoraði tvennu og Sigríður Bjarney eitt úr gullfallegru aukaspyrnu. Maður leiksins var Lejla Cardaklija en hún átti stórleik á miðjunni þar sem hún „kjötaði“ stelpurnar gjörsamlega á miðjunni eins og þjálfarar okkar myndu orða það.

Síðasti heimaleikur og síðasti leikurinn í deildinni fyrir úrslitakeppni var svo 15. ágúst á móti Þrótt Reykjavík þar sem 3 byrjunarliðsleikmenn gátu ekki verið með útaf persónulegum ástæðum en í staðinn komu ungar og efnilegar stelpur inn í liðið og sýndu það aldeilis að þær eiga vel heima þar. Við gerðum okkur lítið fyrir og sigruðum Þrótt 2-1 með

tveim mörkum frá Sigríði Bjarney úr aukaspyrnum frá miðju. Verður ekki mikið betra enda Sigga valin maður leiksins.

Úrslitakeppnin var svo næst og klúðruðum við því algjörlega í tveim leikjum á móti ÍBV. Við vorum engan veginn tilbúnar í þessa leiki og fengum við aldeilis að finna fyrir því.

Í heildina var sumarið mjög skemmtilegt bæði fótboltalega og félagslega í boltanum. Þegar fjölmennast var á æfingu hjá okkur í sumar vorum við 24 en gaman að segja frá því þá hefur ekki verið svona fjölmennt á meistaraflökksæfingu í nokkur ár. Það eru alltaf fleiri og fleiri með árunum sem mæta á æfingar og okkur finnst alltaf gaman að sjá hve mikið kvennaboltinn er að stækka hér á Höfn og á Íslandi yfirhöfuð.

Þetta sumarið tóku foreldrar okkar sig líka saman og bökuðu fyrir alla áhorfendur í hálfleik fyrir hvern einasta heimaleik. Þannig stóðu foreldrar okkar við bakið á okkur og hjálpuðu okkur að ná þessum glæsilega árangri og erum við rosalega þakklátar fyrir það og eigum eftir að þakka þeim lengi fyrir þetta.

En við hefðum nú aldrei náð svona góðum árangri án góðs þjálfara. Sindri kom til okkar með reynslu frá einu besta félagi á Íslandi og vissi uppá hár hvað hann var að gera. Bæði hvað varðar mórál og æfingar. Strax eftir fyrstu æfingarnar vorum við byrjaðar að taka framförum og erum enn að taka framförum, enda getur maður alltaf gert betur. Það kom í ljós í byrjun september að hann mun halda áfram að þjálfar okkur í vetur og jafnvel næsta sumar og erum við mjög ánægðar með og hlökkum mikið til að vinna með honum næsta árið. Það verður gaman að sjá hvað gerist næsta sumar og vonum við að þú fylgist með okkur alla leið.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem létu sjá sig á leikjum hjá okkur í sumar og hvöttu okkur áfram. Þið eruð 12. maðurinn!

*Með baráttukveðjum!
f. h. mfl.kvk
Iðunn Tara Ásgrímsdóttir.*



Nú styttest í að mótið Í formi verði haldið hér á Hornafirði. Keppendur stunda æfingar af kappi þessa dagana og eru félagar í Hornafjörður Badminton Group engin undantekning þar á. Félagar eru einbeittir og ákveðnir í allri sinni framgöngu, innan vallar sem utan og greinilegt að menn og konur ætla sér að komast á verðlaunapall. Mikið gengur á á æfingum og hafa vaknað spurningar um hlífðarbúnað og þurfa menn þá jafnt að verjast höggum meðspilara sem andstæðinga. Hér fylgir bréf Ara Þorsteinssonar sem segir farir sínar ekki sléttar eftir mikil átök á badmintonvellingnum og með fylgir mynd sem sýnir afleiðingar keppnishörku félaganna.

Þeir sem áhuga hafa á að iðka badminton eru hvattir til að mæta á æfingar og rétt að taka fram að svona óhöpp heyra til undantekninga og badminton með öruggari íþróttum sem iðkaðar eru hér um sveitir.

Badmintonæfingar eru í Íþróttahúsi Heppuskóla á Þriðjudögum og fimmtudögum kl. 18-19 og á laugardögum kl. 9:30-12:30. Keppit verður á fjórum völlum á mótinu og fer keppnin fram í Íþróttahúsi Heppuskóla. Keppni hefst eftir hádegi laugardaginn 19. september og veður keppni með svipuðu sniði og í fyrra, spilaðir verða tvíliðaleikir. Gestir eru velkomnir að koma og fylgjast með og oft gaman að sjá tilburðina.

Að móti loknu verður æfingum haldið áfram í Íþróttahúsinu og eru allir þeir sem áhuga hafa á hvattir til að mæta og taka þátt í skemmtilegum félagsskap. HBG stendur fyrir ýmskonar uppákomum og félagsskapurinn ekki síður mikilvægari en íþróttaiðkunin. Félagar hafa farið í keppnisferðir og standa fyrir mótum innan félagsins, stökur eru látnar fljúga á milli og eitt og annað brallað.

Íþróttufræðarinn

Badminton er hættuleg íþrótt



Hér má sjá gleraugu Ara íþróttálfis eftir að samspilari hans (í sama liði) Björg smassaði í andlit hans. Gleraugun hreinlega splundruðust, sem ber vott um hvílikur ofsa kraftur er í smössunum hennar Bjargar.

Maður tryggir ekki eftirá!

Minum á tómstundakortið

Viðburðaríkt sumar í frjálsum



Segja má að sumarið hjá Sveinbjörgu Zophoníasdóttur hafi verið viðburðaríkt. Hún hóf keppni í sumar á Meistaramóti Íslands í sjöþraut sem fram fór í Þorlákshöfn 23.-24. maí. Hún keppti í fullorðinsflokki og varð í 3. sæti. Þar náði hún þeim merka áfanga að komast í unglingslandslíðið, sem keppta átti á Norðurlandameistaramóti 19 ára og yngri. Mótið fór fram að þessu sinni í Kópavogi 13.-14. júní. Þar gerði hún sér lítið fyrir og vann brons í sínum aldursflokki með því að stórbæta árangur sinn í sjöþraut og ná lágmarki á Heimsmeistaramót 17 ára og yngri í sjöþraut sem haldið var 7.-12. júlí í Bressanone á Ítalíu. Hún var eini Íslendingurinn sem náði lágmarki á það mót.

Þetta mót á Ítalíu var sannkallað stórmót og öðlaðist Sveinbjörg dýrmæta reynslu af því að keppta á svo stóru móti, hún stóð sig mjög vel og segja má að hún sé 13. besta stúlkan í heiminum í sjöþraut. Í sjöþraut er keppt í 100 m grindarhlaupi, 200 m hlaupi, 800m hlaupi, kúluvarpi, spjótkesti, langstökki og hástökki. Keppt er í þessum greinum á 2 dögum með minnst hálf tíma á milli greina.

Þann 24. júní keppti hún á Héraðsmóti USÚ, þar náð hún lágmarki í langstökki á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fór í Tampere í Finnlandi 16. - 20. júlí með því að stökkva 5.68 m. Frá Íslandi voru sendir keppendur úr mörgum greinum, handbolta, sundi, fimleikum, júdo og frjálssíþróttum. Sveinbjörg stóð sig mjög vel og var alveg við sitt besta í langstökki og kúluvarpi.

Sveinbjörg var valin úr íslenska hópnum til að afhjúpa minnsvarða um Ólympíuhátíðina og var það

mikil heiður fyrir hana að hafa gert það.

Hún hélt að þá væri nú lokið keppni fyrir landsliðið í sumar en það var nú aldeilis ekki. Hún var valin í landslið 19 ára og yngri til að keppta á Norðurlandameistaramóti í kúluvarpi, langstökki, 4 x 100 m boðhlaupi og 4 x 400 m boðhlaupi. Mótið fór fram í Vaasa í Finnlandi 13. - 16. ágúst. Þar lenti hún í 5. sæti í langstökki og bætti árangur sinn í 5.77 m og hún bætti sig einnig í kúluvarpi þegar hún kastaði 11.71m.



Segja má að keppnistímabilið hjá henni sé búið að vera mjög farsælt því að á dögnum keppti hún á Meistaramóti Íslands þar sem hún varð fjórfaldur Íslandsmeistari; í langstökki, þristökki, hástökki og kúluvarpi.

Þegar Leiftur hafði samband við Sveinbjörgu þá sagði hún að það vær sín stefna að æfa vel í vetur og að komast inn í landsliðið aftur á næsta ári. Hún vildi koma á framfæri þökkum til allra sem styrktu hana í sumar og sérstakar þakkir til vinnuveitenda sinna, þeirra Svandísar og Reynis í Ásgarði fyrir að gefa henni frí þegar hún þurfti að fara í keppnisferðir. Þá vildi hún þakka foreldrum sínum fyrir frábæran stuðning.

Kynning á verkefnum sem fengið hafa styrki í Nýheimum

Þann 24. október næstkomandi er fyrirhugaður kynningardagur í Nýheimum þar sem kynnt verða verkefni sem hlotið hafa styrki frá Sveitarfélaginu Hornafirði og stofnunum innan Nýheima, en þær stofnanir eru Mátis og Nýsköpunarmiðstöðin. Allt eru þetta verkefni sem hafa verið unnin með styrkjum og aðkomu þessara stofnanna. Kynntar verða vörur, þjónusta og sala á vörum. Tilgangurinn með deginum er sá að gera íbúum sveitafélagsins sýnilega þá möguleika sem í boði eru í sambandi við styrkveitingar og þá þjónustu sem stofnanirnar

innan Nýheima bjóða upp á, ásamt sveitafélaginu. Jafnframt verður farið yfir það hvað komið hefur út úr þeim verkefnum sem nú þegar hafa hlotið styrki og búið er að framkvæma. ÞNA - Þekkingarnetið verður einnig með kynningu á þeim námskeiðum sem boðið verður upp á hjá þeim í vetur, en fjölmörg námskeið verða í gangi allt árið og eru þau mjög fjölbreytt. Þessi dagur er kjörinn fyrir alla þá sem eru með hugmyndir og langar til að koma þeim í framkvæmd, til að koma og kynna sér hvað er í boði hérna í sveitafélaginu okkar.

Knattspyrnusumarið 2009

Sumarið hjá knattspyrnudeildinni var hefðbundið og yngri flokkar deildarinnar spiluðu í Íslandsmóti.

Yngstu spilararnir tóku þátt í Polla og Þæjumótum KSÍ og þann 24. júní spiluðu strákarnir á Fáskrúðsfirði. Þangað var farið með A og B lið. A-liðið varð í öðru sæti í riðlinum en B-liðið komst í úrslit NA riðils sem spiluð voru á Akureyri 15. ágúst, þar lentu þeir í 4. sæti. Stelpurnar spiluðu hér á Sindravöllum 1. júlí og voru einnig tvö lið þar frá Sindra. A-liðið lenti í 3 sæti í riðlinum en B-liðið gerði sér lítið fyrir og vann sinn riðil og komst þar með áfram í úrslit í NA riðlinum sem spilaður var 16. ágúst á Egilsstöðum, þar lenti liðið í 2. sæti.

Strákarnir fóru á Króksmótið á Sauðárkróki í byrjun ágúst en stelpurnar mættu á Síamótið í Kópavogi í júlí. Þau stóðu sig öll með ágætum og voru félaginu til sóma.

5fl.kvk stóð sig sérstaklega vel í sumar og lauk sínum riðli langefst að stigum með 28 stig eftir 9sigr og 1 jafntefli, en næsta lið í riðlinum var með 14 stig. Úrslitakeppni 5 fl.

kvk. var haldin á Sindravöllum í lok ágúst og stóðu stelpurnar sig vel.

5.fl.kk lauk keppni í 3. sæti síns riðils og komst því ekki í úrslitakeppnina en það er aðeins efsta liðið úr hverjum riðli sem kemst áfram.

4.fl.kvk. spilaði 7 manna bolta og endaði í 4. sæti A-riðils.

4.fl.kk. spilaði 11 manna bolta og endaði í einnig í 4. sæti síns riðils

3.fl.kk. spilaði 11 manna bolta og náði hinu sívinsæla 4. sæti í sínum riðli.

3.fl.kvk. spilaði 7 manna bolta og gerði sér lítið fyrir og unnu A-riðil en Víðir var í öðru sæti með jafnmörg stig, Sindrastelpur unnu innbyrðisviðureign félaganum með markatölunni 7-1. Þessi tvö lið fóru í úrslitakeppni ásamt KS/Leiftri og Hvöt en þau lið sigruðu B-riðilinn. Stelpurnar okkar fóru suður í Garð og spiluðu 3 leiki í úrslitakeppni og unnu tvo þeirra og gerðu eitt jafntefli. Luku þær keppni í efsta sæti og enduðu þetta frábæra knattspyrnusumar sem ÍSLANDSMEISTARAR.

Framhaldsskólinn í
Austur-Skaftafellssýslu



Nám í sjávarútvegi

Óvenjulega mikil gróska er nú í námi tengdu sjávarútvegi í FAS. Einkum er um að ræða nám í vélstjórn og skipstjórn. Síðustu vorönn fór af stað fjarnám á B-stigi vélstjórnar og það nám heldur áfram á þessari önn. B-stig vélstjórnar er nám sem er sambærilegt nám og áður hét 3. stig vélstjórnar. Námið er skiplagt þannig að nemendur geta tekið það með vinnu í fjarnámi og í stuttum námslotum. Á þessari önn eru skráðir 33 nemendur í B-stig vélstjórnar og í boði eru fjórir áfangar. Einn þeirra er hlífðargassuða sem tekinn er í tveimur helgarlotum við Fjölbautarskóla Vesturlands á Akranesi en hinir áfangarnir þrjú eru fjarnámsáfangar sem hægt er að taka hvar sem er svo fremi menn komist í netsamband. Eftir sex anna nám hafa menn öðlast réttindi til að keyra 1500 kW vélar. A-stig vélstjórnar er einnig í boði en það nám er skipulagt þannig að kennslan fer að mestu fram hér á Höfn en hluti verklega námsins fer fram í helgarlotum í Tækniskólanum í Reykjavík. Á A-stigi vélstjórnar eru á þessari önn 7 nemendur en auk þess taka 15 aðrir nemendur suðuáfangna sem er hluti náms á A-stigi og þar af eru 12 nemendur í 10. bekk Grunnskólans. Það er sérstaklega ánægjulegt að svo margir grunnskólanemendur skuli hafa áhuga á þessum verklega hluta vélstjórnarnámsins. Ef allir þeir 40 sem nú eru í vélstjórnarnámi við FAS ljúka því námi þá verður fjöldi vélstjóra sem útskrifaðir hafa verið frá FAS um 140 auk þeirra hafa um 50 lokið vélgæslunámi frá skólanum.

Þessa dagana er að fara af stað nám á A-stigi skipstjórnar. Um er að ræða 46 eininga nám sem dreift er á 6 annir líkt og B-stig vélstjórnar. Námið er því hægt að taka með vinnu og í það eru skráðir 36 nemendur. A-stig skipstjórnar gefur réttindi til að stjórna allt að 24 metra skipum og sýrimannsréttindi á allt að 45 metra skip. Á þessari önn eru í boði þrjú áfangar, tveir eru

alfarið í fjarnámi og svo einn sem er tekinn í lotum í Tækniskólanum. Nokkuð er síðan að skipstjórnarnám hefur verið í boði við FAS umfram 30 brl. réttindnám sem hefur verið í boði á hverri önn í mörg ár. Síðst voru útskrifaðir nemdur af 1. stigi skipstjórnar á vorönn 1992. Af þessum um 36 nemendum sem nú eru skráðir á A-stigið eru 14 Hornfirðingar og 7 frá öðrum stöðum á Austurlandi. Í haust var einnig tekið upp nýtt skipulag á smábáta- og skemmtibátanámi í samræmi við nýja námskrá frá menntamálaráðuneytinu. Í það nám eru nú skáðir um 20 nemendur, en á síðustu vorönn voru þeir yfir 60 og alls hafa um 330 nemendur lokið 30 brl. námi frá skólanum.

Alls eru því um 110 nemendur í námi í FAS í áföngum af vélstjórnar- og skipstjórnarbrautum.

Skólinn hefur einnig komið að skipulagningu námskeiðs fyrir fiskvinnslufólki í Skinney-Þinganesi. Námskeiðið er einkum skipulagt af Þekkingarneti Austurlands í samvinnu við Skinney-Þinganes og þeir sem ljúka námskeiðinu fá það metið til 6 framhaldsskólalæinga. Bundnar eru vonir við að þetta nám verði upphaf að skipulögðu framhaldsskólanámi í fiskvinnslu til gagns bæði fyrir starfsmenn og fyrirtæki í fiskvinnslu. Um 15 nemendur eru skáðir á námskeiðið og því má segja að á milli 120 og 130 manns séu í sjávarútvegsnámi við FAS þessa önn. Ef fjöldinn er umreiknaður í nemendur í fullu námi eða svokölluð nemendaígildi þá er um að ræða um 40 nemendur en það er um fimmtingur af nemendaígildum skólans við upphaf annar.

Það hlýtur að teljast góð leið í kreppinni að efla menntun í sjávarútvegi og treysta með því móti undirstöður byggðar á Íslandi og í sjávarplássum eins og Höfn í Hornafirði.

Eyjólfur Guðmundsson

Framundan hjá Menningarmiðstöðinni



Nú er haustið komið og Menningarmiðstöðin er farin að skipuleggja veturinn. Föstudagshádegi í kaffiteríu Nýheima verða á sínum stað, en á hverjum föstudegi á milli klukkan 12:00 og 13:00 verður boðið upp á viðburði af ýmsu tagi. Þrjónakaffið vinsæla verður áfram í Bókasafninu annan hvern laugardag frá klukkan 14:00 til 16:00 og verður þrjónakaffið annan og fjórða hvern laugardag í mánuði. Barnastarfið verður svipað og síðustu árin og verður það á Bókasafninu á hverjum fimmtudegi klukkan 14:15. Bryddað verður upp á þeirri nýjung að hafa taflkvöld einu sinni í viku í Pakkhúsinu en þau munu hefjast klukkan 20:00 og eru öllum opin sem áhuga hafa á skák. Einnig verða fleiri nýjungar í ár en fyrirhugað er að hafa myndlistasýningu áhugamála seinni á árinu ef næg þátttaka verður. Nýr liður sem nefnist Veggurinn minn er á dagskránni en þar gefst

fólki tækifæri til þess að koma með sín efirlætis verk, málverk eða ljósmyndir á Bókasafnið, þar sem verkið mun hanga í vikutíma. Settur verður af stað hugmyndabanki inn á síðu sveitarfélagsins www.rikivatnajokuls.is þar sem fólk gefst tækifæri til þess að koma með hugmyndir að nýjum viðburðum sem hægt er að framkvæma í samstarfi við Menningarmiðstöðina. Von bráðar mun svo Menningarmiðstöðin senda frá sér viðburðadagatal þar sem fram koma viðburðir hvers mánaðar. Að sjálfsögðu verður ljósmyndasýning áhugaljósmyndara á sínum stað eins og í fyrra og eins verður með Þjóðahátíðina og áframhald frá síðasta dansnámskeiði. Von er á stórtónleikum með Mannakornum og KK og Ellen í nóvember, ásamt fleiri smærri tónleikum. Þessum viðburðum á eftir að fjölga eftir því sem liður á veturinn og hlökkum við til að sjá ykkur öll í vetur.

**Þeir sem vilja gera
breytingar frá síðustu
Sindraskrá eru beðnir um
að senda upplýsingar á
netfangið sindri@hfn.is
sem fyrst.**

HORNFIRSKA SKEMMTIFÉLAGIÐ KYNNIR:

POPPI & KÖKK

FRUMSÝNT 9. OKTÓBER Á HÓTEL HÖFN

NÁNARI UPPLÝSINGAR
OG MIÐPANTANIR Í SÍMA 478-1240

**Hvetjum heimamenn og gesti
til að nýta sér vatn og vellíðan í nýju sundlauginni.**

**Þú velur að synda, fara í gufu,, heitupottana, vaðlaugina
eða rennibrautirnar .**

**Það er ódýr heilsurækt að kíkja í laugina.
Láttu þig ekki vanta.**

Síminn í sundlauginni er 470-8477



Eftirtaldir aðilar styrkja Í fomi:



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál



ICELAND
Pelagic



Kalli SF



HÓTEL HÖFN



Landsbankinn



SIGURÐUR ÓLAFSSON EHF

Soccerade®



SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína





FORMI

Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

18. - 19. september 2009

Föstudagur 18. september

Bridge tvímenningur • Heppuskóli kl. 18.00

Blak kvenna • Íþróttahús kl. 20.00

Laugardagur 19 september

Golf • Silfurnesvöllur kl. 9:00

Blak karla • Íþróttahús kl. 9:00

Knattspyrna kvenna • Sparkvöllur kl. 10:00

Knattspyrna karla • Sindravellir kl. 13:00

Badminton • Íþróttahús kl. 13:00

Bridge sveitakeppni • Heppuskóli kl. 13:00

Frjálsar íþróttir • Sindravellir kl. 13:00

Tímaseðill fyrir frjálsar (með fyrirvara)

13:00 • 100 m kv. 30-44

13:10 • 100 m kv. 45+

13:20 • 100 m ka. 30-44

13:40 • 100 m ka. 45+

13:50 • Kúluv kv. 30-44 og 45+

14:15 • Spjótkest Karla 30-44 og 45+

14:30 • Langstökk kv. 30-44 og 45+

14:45 • 1500 m ka. 30-44 og 45+

15:00 • 800 m kv. 30-44 og 45

15:10 • Langstökk ka. 30-44 og 45+

15:30 • Spjótkest kv. 30-44 og 45+

15:45 • Kúluvarp ka. 30-44 og 45+

16:00 • Kringlukast kv. 30-44 og 45+

16:30 • Kringlukast ka. 30-44 og 45+

16:30 • 3000 m kv. 30-44 og 45+

17:00 • 5000 m ka. 30-44 og 45+

Skemmtun á Hótel Höfn, húsið opnar 19:30

Hlaðborð

Forréttir

- Fyllt Tortilla með Jöklableikju frá Hala í suðursveit
- Léttreykt andabringa frá Reyni á Hlíðabergi með berjadressingu
- Egg frá grænahrauni eins og þau gerast best með smjöri og estragon.
- Humarpastasalat "sweet chili".

Aðalréttir

- Hægeldað lambalæri kryddað með ferskum kryddjurtum
- "Purusteik" Grísa síða með brúnuðum kartöflum og rauðkáli

Eftirréttur

- Hvít súkkulaði skyrkaka.

Ballið

Hljómsveitin Parket með mun skemmta gestum frameftir nóttu

Ath. Selt er inn á ballið eftir 23:30. 18 ára aldurtakmörk og snyrtilegur klæðnaður.